



# Umhverfisskýrsla

unnin í tengslum við gerð

Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010 – 2022

Vinnutillaga í júlí 2009,

Breytt 15. október 2010

Breytt 15. desember 2010

Breytt 20. desember 2010



**TGJ**

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Að skýrslunni hafa unnið:  
Guðrún Jónsdóttir ark. faí.  
Páll Líndal líffræðingur.  
Jón Þórisson ark .faí  
© 2010 Skorradalshreppur og höfundar

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	4
Umhverfisáhrif.....	4
Heildarniðurstaða .....	5
1. Inngangur.....	6
2. Helstu leiðir við gerð umhverfismats.....	7
3. Tengsl við aðra áætlanagerð.....	7
4. Heildarstefna hreppsnefndar .....	8
4. Kynning og samráð .....	9
5. Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	9
6. Núllkostur.....	10
7. Umhverfisþættir .....	11
8. Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf .....	11
9. Vöktun – mat á umhverfisáhrifum .....	11
10. Matstöflur .....	12
10.1 Samgöngur .....	12
Niðurstaða.....	15
Vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir .....	15
10.2 Hverfisvernd.....	16
Niðurstaða.....	18
10.3 Íbúðarsvæði .....	19
Niðurstaða.....	22
Vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir .....	22
10.4 Frístundabyggðarsvæði .....	23
Niðurstaða.....	24
Vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir .....	24
10.5 Efnistaka.....	26
Niðurstaða.....	27
Mótvægisaðgerðir .....	27
11. Greinargerð hreppsnefndar sbr. 9 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.....	28
Viðauki.....	29

## Töflur

Tafla 1. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna lagfæringa fremsta hluta Skorradalsvegur (508 04). .....	13
Tafla 2. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ráðist verður í framlengingu Fellsvegur (5095) og tengingar við fremsta hluta Skorradalsvegur (508 04).....	14
Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef núllkostur verður valinn.....	15
Tafla 4. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar.....	16
Tafla 5. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn. ....	17
Tafla 6. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna þéttrar íbúðarbyggðar. ....	20
Tafla 7. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna gisinnar íbúðarbyggðar.....	21
Tafla 8. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna ef ekki er gert ráð fyrir íbúðasvæðum.....	22
Tafla 9. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar.....	23
Tafla 10. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna núllkosta.....	24
Tafla 11. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna efnistöku. ....	26
Tafla 12. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.....	27

## Samantekt

Leiðarljós ASK 2010 – 2022 er að landnýting skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar, sem miðar að því að tryggja núverandi kynslóðum góð lífsskilyrði, án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til hins sama.

Með því er m.a. átt við að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, og á öllum framkvæmdasvæðum verði skylt að halda jarðraski í lágmarki svo náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum.

Í tillögunni er mörkuð sú meginstefna að landnotkun á skipulagssvæðinu verði fyrst og fremst til landbúnaðar. Stefnt er að fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu er því víða gert ráð fyrir íbúða- og frístundasvæðum, lögð áhersla á að lóðir á slíkum svæðum séu frekar leigðar en seldar til að tryggja sjálfbærni jarða. Samfara þessu er lögð áhersla á uppbyggingu verslunar- og þjónustu, sem og sköpun annarra atvinnutækifæra. Þá er gert ráð fyrir margvíslegri aðstöðu til frístundaiðkunar auk þess sem mörkuð eru óbyggð svæði, sem henta vel til útivistar.

Í tillögunni eru gerðar tillögur um friðun staða og svæða skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og þjóðminjalögum nr. 107/2001, auk þess sem stór svæði lúta ákvæðum hverfisverndar. Einnig eru settar fram sértækar reglur er varða bæði skógrækt og efnistöku í hreppnum, í því skyni að rýra ekki ásýnd og möguleika svæðisins.

Í ASK 2010 - 2022 er lögð áhersla á góðar og öruggar samgöngur innan hreppsins, sérstaklega er hugað að öryggi íbúa og gesta. Þá er mörkuð stefna er varðar veitur, mengun og úrgangsmál.

## Umhverfisáhrif

Við umhverfismat ASK 2010 – 2022 eru fimm áhrifaþættir metnir og eru þeir samgöngur, hverfisvernd, íbúðarsvæði, frístundabyggð og efnistaka.

Niðurstöður mats sýna að tenging Skorradalsvegjar (508) við Uxahryggjaveg og tenging Fellsvegjar (509) við fremsta hluta Skorradalsvegjar hafa báðar nokkuð neikvæð áhrif á náttúru og rýri gæði svæðisins að einhverju leyti. En á móti telur hreppsnefnd að öryggi íbúa og dvalargesta verði best tryggt með því að skapa möguleika á hringakstri um Skorradalsvatn.

Hverfisvernd mun hafa veruleg jákvæð áhrif í för með sér s.s. á landslag og gróðurfar, en takmarkar og jafnvel kemur í veg fyrir aðra landnotkun. Hverfisvernd samræmist þó mjög vel áherslum hreppsnefndar er lúta að náttúru- og þjóðminjavernd.

Í umhverfismati þessu eru litið til áhrifa þéttar og gisinnar íbúðarbyggðar, en hvor valkosturinn sem er, er talinn stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð, auk þess að stuðla að efnahagslegum ávinningi. Niðurstöður matsins sýna að slík byggð mun þó hafa ýmis neikvæð áhrif í för með sér s.s. á landslag og gróðurfar, auk þess sem hætta á hvers kyns mengun kann að aukast. Á þetta fremur við þetta íbúðabyggð en gisna, en hreppsnefnd gerir engu að síður ráð fyrir henni á tveimur stöðum, til að auka fjölbreytni í lóðaframboði. telur nauðsynlega svo tryggja megi nægjanlega fjölgun íbúa.

Fyrirhuguð frístundabyggð er talin styrkja byggð og auka eftirspurn eftir þjónustu. Líkt og með íbúðarbyggð er frístundabyggð þó talin hafa neikvæð áhrif á margvíslega þætti s.s. á landslag og gróðurfar, samfara aukinni hættu á mengun.

Efnistaka er talin hafa neikvæð áhrif í för með sér í náttúrufarslegu tilliti. Stór hluti fyrirhugaðra efnistökusvæða er í eða nærri árfarvegum og geta framkvæmdirnar því raskað lífríki á þeim stöðum, sem og ásýnd svæðanna. Á móti kemur að framurður margra áa á svæðinu er mikill og upphleðsla í árfarvegum þekkt. Getur slíkt stuðla að því að ár breyti farvegum sínum og/eða flæða yfir bakka sína sem aftur getur haft töluvert tjón í för með sér.

**Heildarniðurstaða**

Sé litið til markmiða hreppsnefndar Skorradalshrepps um eflingu byggðar, atvinnu, öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er talið nauðsynlegt að þeir áhrifabættir sem teknir eru fyrir í matskýrslu þessari komist til framkvæmda. Vissulega eru umhverfisáhrif sumra þeirra að einhverju leyti í andstöðu við stefnu sveitarstjórnar um verndun náttúru- og þjóðminja, en til mótvægis leggur hreppsnefnd Skorradalshrepps á það áherslu, að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt, auk þess sem hvers kyns raski verði haldið í lágmarki og stór svæði séu tekin frá sem opin svæði til útivistar fyrir almenning og afþreyingar af ýmsu tagi. Dæmi um það eru t.d. Vatnshornsskógur og Stálpastaðaskógur.

Þá er gerð tillaga um gerð vöktunaráætlunar í samstarfi við Umhverfisstofnun vegna hugsanlegrar mengunar grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþrær.

## 1. Inngangur

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 – 2022 (ASK 2010 – 2022) fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framfylgdar aðalskipulagsins og hefur Skipulagsstofnun gefið út leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta. Samkvæmt þeim eru umhverfisþættirnir átta talsins, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúru- og þjóðminjar og landslag.

Með umhverfismati áætlana er reynt að greina þau áhrif sem skipulagbreytingar kunna að hafa á þá umhverfisþætti sem eiga við hverju sinni, í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og vægi þeirra metið. Til að meta slík áhrif eru stefnuskjöl stjórnvalda og samþykkt stefnumörkun hreppsnefnd Skorradalshrepps notaðar til viðmiðunar.

Ennfremur er gerð grein fyrir hvort endurmeta beri valkosti eða grípa þurfi til sérstakra aðgerða t.d. í deiliskipulagi eða með gerð vöktunaráætlunar, þannig að draga megi úr umhverfisáhrifum.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdarfærslu hreppsnefndar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

Helstu viðmið sem notuð eru:

Alþjóðlegir samningar:

- Ramsarsamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
- Ríósamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Heimsminjaskrá: Alþjóðlegur sáttmáli um verndun menningar- og náttúru-minja heimsins.
- Bernarsamningurinn: Samningur um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.

Íslensk lög

- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög.
- Lög nr. 73/1997 Skipulags- og byggingarlög.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 3/1955 um skógrækt.

Önnur íslensk stefnuskjöl

- Náttúru-minjaskrá 1996.
- Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 og síðari áætlanir. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
- Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015.
- Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009.

Stefnuskjöl hreppsnefndar Skorradalshrepps

- Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017 m.s.br. (SnS 1997 – 2017 m.s.br.).
- Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp (St21).

## 2. Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem beitt var við gerð umhverfismats var eftirfarandi:

- Umhverfisvísar voru valdir af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur í samráði við skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps, með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (sjá viðauka).
- Farið var yfir helstu breytingar í aðalskipulaginu og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna.
- Tekinn var saman listi, sem annars vegar innihélt yfirlit þau atriði í stefnu aðalskipulagsins sem mögulega gætu haft í för með sér óæskileg umhverfisáhrif.
- Kannað var hvernig markmið aðalskipulagsins samræmast öðrum skipulagsáætlunum, s.s. Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015.

## 3. Tengsl við aðra áætlanagerð

Skorradalshreppur var aðili að SnS 1997 – 2017, sem tók gildi í ársbyrjun 1998 og tók yfir fimm sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu. Frá gildistöku SnS 1997 - 2017 hafa fjögur sveitarfélaganna, þ.e. öll nema Skorradalshreppur, sameinast undir merkjum Borgarbyggðar. Árið 2010 kom tillaga frá Samvinnunefnd Svæðisskipulags norðan Skarðsheiðar um niðurfellingu svæðisskipulagsins.

Í SnS 1997 - 2017 kom framtíðarsýn sveitarfélaganna um uppbyggingu og þróun byggðar á skipulagstímabilinu, auk margra annarra þátta, s.s. samgangna, náttúruverndar, þéttbýliskjarna og þjónustumiðstöðva, frístundabyggðar, þjóðminja, búsetulandslags o.fl.

Talsverðar landnotkunarbreytingar er snúa að Skorradalshreppi hafa verið gerðar á SnS 1997 – 2017 frá gildistöku og eru þær helstar:

- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt, að allt að þrjú íbúðarhús óháð búrekstri geti staðið á jörð<sup>1</sup> og þrjú stök frístundahús geti staðið á jörð á þeim jörðum, sem ekki hafa afmarkað frístundabyggðarsvæði skv. ASK 2010 - 2022. Einnig eru heimiluð íbúðarhús á tilteknum opnum svæðum í Hvammi og í Dagverðarnesi. Sjánánar kafla 4.2. í aðalskipulagsgreinargerð.
- Sett eru fram sértæk viðmið varðandi skógrækt á landbúnaðarsvæðum.
- Íbúðarsvæði eru stækkuð og flokkuð í I-1 og I-2. Íbúðarsvæði skv. ASK 2010 – 2022 eru 84,9 ha og eru settar fram almennar reglur um landnotkunina, sem og ákvæði fyrir hvorn flokk (sjá nánar kafla 4.2 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Frístundabyggðarsvæði eru stækkuð og flokkuð í F-1 og F-2. Frístundabyggðarsvæði skv. ASK 2010 – 2022 eru 872 ha og eru settar fram almennar reglur um landnotkunina, sem og ákvæði fyrir hvorn flokk (sjá nánar kafla 4.3 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Verslunar- og þjónustusvæðum er bætt við í ASK 2010 – 2022 og eitt fellt út (sjá einnig kafla 4.4 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Gert er ráð fyrir að öryggishúsnæði (slökkvistöð) verði reist við vesturenda skorradalsvatns, (sjá nánar kafla 4.5 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Athafnasvæðum er fjölgað. Auk þess er gert ráð fyrir athafnasvæði, þar sem áður var iðnaðarsvæði, afmörkun eins svæðis er breytt frá fyrra skipulagi (sjá nánar kafla 4.6 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Eitt iðnaðarsvæði er fellt út (sjá nánar kafla 4.7 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Tvö óbyggð svæði koma inn (sjá nánar kafla 4.9 í aðalskipulagsgreinargerð).

<sup>1</sup> ASK 2010 – 2022 gerir ráð fyrir að mörk jarða miðist við jarðamörk skv. Jarðaskrá Landbúnaðarráðuneytisins, sem var í gildi árið 1960.

- Í landnotkunarflokknum opin svæði til sérstakra nota kafla 4.10 í aðalskipulagsgreinargerð kemur m.a. inn eitt nýtt tjaldsvæði, þrjú bátalægi, tvö leiksvæði, tveir golfvellirmenningarjórður og tvö umfangsmikil skógarsvæði, (Stálpastaðaskógur og Vatnshornsskógur) Um opin skógræktarsvæði til sérstakra nota gilda sérstækar reglur varðandi mannvirki (sjá nánar kafla 4.10.2 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Gert er ráð fyrir lagfæringu slóða frá enda Fellsvegur (5095) að innsta hluta Skorradalsvegur (F508 04), þannig að hann verði fær öllum bílum allt árið. Þá er gert ráð fyrir umbótum á slóða upp úr Skorradal frá Fitjum (F508 04) að Uxahryggjavegi (52).sjá kafla 4.11 í aðalskipulagsgreinargerð. Gerð er grein fyrir göngu-, hjóla- og reiðstígum umfram það sem getið er í SnS 1997 – 2017 m.s.br.
- Þá er gert ráð fyrir lendingarstöðum fyrir þylur á sex stöðum í hreppnum. Þá eru sett stefnumörkun varðandi vélknúna umferð á Skorradalsvatni (sjá nánar kafla 4.11 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Eitt svæði hefur verið friðað, Vatnshornsskógur. Önnur svæði á Náttúruminjaskrá 1996 halda sér sem slík.
- Settar eru fram tillögur að sjö svæðum sem falla eiga undir þjóðminjaverndarsvæði og sett fram stefna varðandi skráningu þjóðminja á svæðinu (sjá nánar kafla 4.13 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Gert er ráð fyrir umfangsmikilli hverfisvernd bæði á náttúru og þjóðminjum (sjá nánar kafla 4.14 í aðalskipulagsgreinargerð), á samtals 19 svæðum.
- Gert er ráð fyrir 28 efnistökusvæðum, sem er talsverð fjölgun frá fyrra skipulagi. Þá eru þau flokkuð í þrjú flokka og almennar reglur sem gilda fyrir alla flokkana, sem og sértækar reglur fyrir hvern þeirra (sjá nánar kafla 4.8 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Sett er fram stefnumörkun er varðar ár og vötn (sjá nánar kafla 4.15 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Sett er fram stefnumörkun varðandi viðbrögð við hvers kyns náttúruvá (sjá nánar kafla 4.16 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Sett er fram stefnumörkun er lýtur að köldu vatni, heitu vatni, fráveitum, rafveitum og fjarskiptum (sjá nánar kafla 4.17 í aðalskipulagsgreinargerð).
- Sett er fram stefnumörkun er varðar úrgangsmál (sjá nánar kafla 4.18 í aðalskipulagsgreinargerð).

#### 4. Heildarstefna hreppsnefndar

Stefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum er að landnotkun í sveitarfélaginu verði fyrst og fremst til landbúnaðarnota (sbr. skilgreiningu landbúnaðar í jarðalögum nr. 81/2004). Mikill náttúrulegur skógur er í hreppnum, auk þess sem skógrækt hefur verið gildur landnotkunarþáttur. Í ASK 2010 – 2022 er áhersla lögð á endurheimt og verndun náttúrulegra skóga, sem og vöxt og viðgang ræktaðra skóga.

Eitt meginmarkmið ASK 2010 – 2022 er að fjölga íbúum á skipulagssvæðinu og er því mörkuð stefna um íbúðarbyggð á fimm jörðum í sveitarfélaginu. Þá er á 10 jörðum gert ráð fyrir frístundabyggð. Lögð er á það áhersla að lóðir á íbúða- og frístundabyggðarsvæðum séu frekar leigðar en seldar undan jörðum enda litið svo á að sjálfbær þróun, sem gegnir veigamiklu hlutverki í ASK 2010 – 2022, taki til skiptingu jarða (sjá nánar í kafla 3 í aðalskipulagsgreinargerð).

Uppbygging verslunar- og þjónustu er talin mikilvægur liður til að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði. Er gengið út frá því að uppbygging verslunar- og margvíslegrar



Þjónustu fari að mestu leyti fram vestan Skorradalsvatns í landi Grundar, en auk þess verði önnur svæði, sem þjóði upp á sérhæfðari þjónustu.

Stefna varðandi athafna- og iðnaðarsvæði mótast fyrst og fremst af væntanlegri úrvinnslu skógarafurða, nýtingu heita vatnsins á Stóru-Drageyri og starfsemi sem tengist Andakílsárvirkjun.

Eins og fram kemur í meginforsendum er ASK 2010 – 2022 ætlað að skapa góð skilyrði til búsetu- og frístundaiðkunar og styrkja tengsl milli íbúa og dvalargesta. Því er gengið út frá þeirri forsendu að ólíkir landnóktunarflokkar fái nokkuð jafnt hlutverki í aðalskipulagi í því skyni að skapa fjölbreytilegt og eftirsóknarvert umhverfi.

Í tillögunni er því gert ráð fyrir fjölbreytilegri aðstöðu til frístundaiðkunar og boðið upp á margvísleg opin svæði til sérstakra nota, s.s. tjaldsvæði, bátalægi, golfvelli og útivistarskóga. Einnig eru mörkuð óbyggð svæði sem henta vel til útivistar.

Sömuleiðis er mörkuð stefna um friðun ósa Fitjaár og stækkun friðlands birkiskógavistkerfis skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Hverfisvernd er afmörkuð á stórum svæðum í fremsta hluta dalsins og upp á Botnsheiði, auk fleiri staða. Hvað við kemur náttúru og umgengni um hana eru í ASK 2010 – 2022 sett fram sértækar reglur er varða bæði skógrækt og efnistöku í hreppnum, og lögð á það áhersla að nýting svæðisins rýri ekki ásýnd og möguleika.

Þá er lögð áhersla á að vernda menningararf svæðisins og lagðar fram tillögur að friðun sjö staða sem hafa menningarsögulegt gildi, auk þess sem fjöldi staða er hverfiverndaður sem þjóðminjar.

Lagt er upp úr góðum og öruggum samgöngum innan hreppsins, þar sem ólíkum ferðamáttum er gert hátt undir höfði. Lögð er á það mikil áhersla að öryggi íbúa og dvalargesta sé hvergi ógnað og í ASK 2010 – 2022 er sett fram stefnumörkun í þeim málaflokkum, s.s. eins og byggingu öryggishúsnæðis, staðsetningu þyrlulendingastaða og lagfæringar á vegaslóðum, þannig að hringakstur um Skorradalsvatn sé mögulegur í neyðartilvikum og einnig sé tenging við Uxahryggjaveg.

Í ASK 2010 – 2022 er mörkuð stefna er varðar veitur, mengun og úrgangsmál, þar sem þau markmið og áherslur er koma fram í St21 eru höfð að leiðarljósi.

#### 4. Kynning og samráð

Formlegar kynningar á ASK 2010 – 2022 hafa verið fjórar:

- Aðalskipulagsuppdráttur og drög að greinargerð var kynnt og rædd á almennum íbúafundi í Skátaskálanum 10. september 2003.
- Aðalskipulagstillaga kynnt á fundi Skipulagsnefndar Miðhálandisins í Kríunesi 2. júní 2004 að ósk nefndarinnar.
- Aðalskipulagsuppdráttur og greinargerð voru kynnt á fundi formanna sumarhúsafélaga í Skorradal 1. júní 2009.
- Aðalskipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla voru kynntar á almennum íbúafundi 8. júní 2009.

#### 5. Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í matsáætlun er gert ráð fyrir mati á nokkrum veigamiklum þáttum aðalskipulagsins, með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfisþætti. Eins og áður segir, gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að landbúnaður sé ríkjandi landnotkunarþáttur, auk þess sem ný íbúðarsvæði, frístundabyggð, náttúruvernd og hverfisvernd setja sterkan svip á hana. Jafnframt er lagt upp úr fjölbreyttum svæðum til útivistar og afþreyingar, sem og mikilvægum samgöngubótum, á landi, lofti og legi.

Umhverfismatið snýst fyrst og fremst um að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru í aðalskipulagstillögunni.

Í ASK 2010 – 2022 eru áhrifaþættir sem metnir verða:

- Samgöngur – Tenging Skorradalsvegur (508 04) við Uxahryggjaveg (52) og tenging Fellsvegur (509 05) við fremsta hluta Skorradalsvegur (508 04). Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.
- Hverfisvernd – Stór svæði fremst í Skorradal sunnan Fitjaár og Botnsheiði lúta skilyrðum hverfisverndar. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Íbúðarsvæði – Gert er ráð fyrir að 84,9 ha lands fari undir íbúðarbyggð. Áhrif mismunandi þéttleika svæða (þétt íbúðarsvæði og gisin íbúðarbyggð) undir íbúðarsvæði eru metin og borin saman við núllkost.
- Frístundabyggð – Gert er ráð fyrir að 872 ha lands fari undir frístundabyggð og hámarksfjöldi frístundahúsa í hreppnum sé 800 hús. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Efnistaka – Gert er ráð fyrir 28 efnisnánum, þar af 15 svæðum í árfarvegum og 8 svæðum í innan við 100 m fjarlægð frá árbakka. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.

## 6. Núllkostur

Ef stefnumiðum ASK 2010 - 2022 verður ekki framfylgt verður þróun landnotkunar í Skorradalshreppi væntanlega í samræmi við núllkost, sem hér er miðaður við stefnumið tveggja fyrirliggjandi og staðbundinna áætlaða: SnS 1997 – 2017 m.s.br. og St21.

Sá hluti SnS 1997 – 2017 m.s.br. sem á við um Skorradalshrepp sem viðmið núllkosts er eftirfarandi:

- Vinna að úrbótum í vegamálum svæðisins.
- Gæta þess í hvívetna að fylgt sé alþjóðlegum samþykktum á sviði umhverfismála sem Ísland er aðili að.
- Hefja nú þegar samningaviðræður um vatnsmiðlun úr Skorradalsvatni.
- Ganga frá friðlýsingu á náttúrufarselga mikilvægum svæðum og koma þeim á framfæri.
- Vinna að því að frekari forleifarannsóknir fari fram. Lögð verði vinna í að styrkja tengsl svæðisins við þjóðgarðssvæðið á Þingvöllum í því skyni að efla svæðið sem ferðamannasvæði.
- Vinna að því að fá nýjar atvinnugreinar inn á svæðið.
- Vinna að eflingu ferðaþjónustu.

St21 er hinn hluti núllkostsins. Hún var fyrst samþykkt í Skorradalshreppi árið 2005 og er framkvæmdaáætlun sem byggist á aðgerðaáætlun Dagskrár 21. St21 á í raun að vera framkvæmdaáætlun aðalskipulags og því er eðlilegt að St21 verði aðlöguð stefnumiðum ASK 2010 – 2022 um leið og sú síðarnefnda tekur gildi, ef þar gætir ósamræmis.

Í umhverfisskýrslu eru St21 og SnS 1997-2017 m.s.br. skilgreindar sem núllkostur og um leið hluti umhverfisviðmiða.

## 7. Umhverfispættir

Við umhverfismat áætlana er lagt mat á umfang þeirra þátta sem hafa áhrif (s.k. umhverfispátta), hvort sem um er að ræða bein áhrif framkvæmda eða áhrif vegna tiltekinnar stefnu hreppsnefndar, á umhverfispætti út frá gefnum viðmiðum (sjá kafla 1).

Þeir umhverfispættir sem liggja til grundvallar umhverfismati ASK 2010 – 2022 byggja á þeim átta umhverfispáttum sem taldir eru upp í kafla 1 og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag og jarðmyndanir
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fugla- og dýralíf
- Vatnalíf og fiskistofnar
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

Þessum umhverfispáttum er lýst í köflum 1 og 2 í greinargerð aðalskipulagsins.

## 8. Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf

Markmið umhverfismatsins er að leiða í ljós þau áhrif sem ólíkir valkostir (áhrifaþættir) hafa á umhverfispætti og hvert eðli og umfang hugsanlegra áhrifa eru, t.d.:

- hvort áhrifin eru varanleg eða til skamms tíma?
- hvort áhrifa áætlunar gæti utan skipulagssvæðisins?
- hvort áætlunin hafi áhrif á heilbrigði fólks og umhverfi?
- hvort ákvörðun hafi takmarkandi áhrif á aðra landnotkun?

Við mat á vægi áhrifa eru þau flokkuð með eftirfarandi hætti:

+	líkleg jákvæð áhrif
0	engin eða óveruleg áhrif
-	líkleg neikvæð áhrif
?	óviss eða óþekkt áhrif

## 9. Vöktun – mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður umhverfismats geta leitt í ljós nauðsyn á ráðstöfunum til þess að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir hvort nauðsyn sé á að sett verði sérstök ákvæði við gerð deiliskipulags eða hvort viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000.

## 10. Matstöflur

### 10.1 Samgöngur

Í matsskýrslunni er tvær mikilvægar samgöngurbætur, einkum hvað varðar öryggi íbúa og dvalargesta, teknar til athugunar.

Annars vegar er um að ræða lagfæringar á fremsta hluta Skorradalsvegur (508 04), um 10 km, og tengingu hans inn á Uxahryggjaveg (52). Um er að ræða lágmarks framkvæmd, sem duga til að vegurinn geti sinnt því hlutverki að vera flóttaleið úr dalnum ef hættuástand, s.s. vegna gróðurelda og skriðufalla skapast.

Tafla 1 sýnir áhrif framkvæmdarinnar þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.

Hinsvegar er um að ræða lengingu Fellsvegur (509 05) og tengingu hans við fremsta hluta Skorradalsvegur. Líkt og ofangreind framkvæmd er hér um að ræða lágmarks framkvæmd, en gert er ráð fyrir að núverandi slóði verði lagfærður, þannig að ekki er um að ræða nýlagningu vegar. Framkvæmdinni er ætlað að tryggja að örugg flóttaleið verði sköpuð ef hættuástand skapast, s.s. vegna gróðurelda og skriðufalla. Þar sem vegurinn fer um svæði sem friðað er skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd fellur framkvæmdin undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Tafla 2 sýnir áhrif framkvæmdarinnar þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.

Tafla 3 sýnir áhrif núllkosta.

**Tafla 1. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna lagfæringa fremsta hluta Skorradalsveggar (508 04).**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Töluverð áhrif á landslag við Fitjaá og Skorradalsháls	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Lítill og staðbundin áhrif á vistkerfi og búsvæði	0 /-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf í fremsta hluta dalsins en óveruleg áhrif á dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir framkvæmdin muni til lengri tíma litið hafa lítill sem engin áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	0
Þjóðminjar	Fornleifaskráning liggur ekki fyrir.	?
Samfélag og atvinnulíf	Aukin umferð rýrir lífsgæði í hluta frístundabyggðar innst í dalnum. Styrkir tengsl milli byggðarlaga og aðgengi að svæðinu.	- / +
Útivist og ferðaþjónusta	Framkvæmdin rýrir fremsta hluta dalsins til náttúruskoðunar og upplifunar. Bætir aðgengi.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn dreifist betur. Umferð í fremsta hluta dalsins eykst og rýrir gæði frístundabyggðar sem stendur nærri vegi t.d. í landi Fitja.	- / +
Mengun	Hljóð- og loftmengun eykst. Sjónræn áhrif verða hverfandi.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi íbúa og dvalargesta verulega.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin kemur í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum hreppsnefndar um aukið öryggi íbúa og dvalargestar, dreifingu umferðar um dalinn og betri tengsl svæðisins við nærliggjandi sveitarfélög.	+

**Tafla 2. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ráðist verður í framlengingu Fellsvegar (509 05) og tengingar við fremsta hluta Skorradalavegar (508 04).**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Töluverð áhrif á ásýnd Vatnshornsskógar sem er friðaður skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem og hverfisverndaðs svæðis í landi Bakkakots	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Hugsanleg neikvæð áhrif á lífríki Fitjaár.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf í Vatnshornsskógi og við ósa Fitjaár en óveruleg áhrif á dýralíf.	--
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir framkvæmdin muni til lengri tíma litið hafa lítil sem engin áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	0
Þjóðminjar	Fornleifaskráning liggur ekki fyrir.	?
Samfélag og atvinnulíf	Aukin umferð rýrir gæði frístundabyggðar. Bætur aðgengi.	- / +
Útivist og ferðaþjónusta	Framkvæmdin rýrir fremsta svæðið til náttúruskoðunar og upplifunar. Bætur aðgengi.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn dreifist betur. Umferð í fremsta hluta dalsins eykst og rýrir gæði frístundabyggðar sem stendur nærri vegi t.d. í landi Fitja.	- / +
Mengun	Hljóð- og loftmengun eykst. Sjónræn áhrif verða nokkur á ákveðnum stöðum.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi íbúa og dvalargesta verulega.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin kemur í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum hreppsnefndar um aukið öryggi íbúa og dvalargesta og dreifingu umferðar um dalinn. Framkvæmdin stangast að nokkru leyti á við áherslur hreppsnefndar er lúta að verndun náttúru og þjóðminja.	+

Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef núllkostur verður valinn.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Engin áhrif	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Engin áhrif	0
Gróðurfar	Engin áhrif	0
Fugla- og dýralíf	Engin áhrif	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Engin áhrif	0
Þjóðminjar	Óveruleg áhrif	0
Samfélag og atvinnulíf	Engin áhrif	0
Útivist og ferðaþjónusta	Hefði jákvæð áhrif á upplifun í Vatnshornsskógi sbr. St21. Verra aðgengi að mörgum svæðum.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn mun ekki dreifast og þ.a.l. umferðarálag aukast á ákveðnum stöðum í dalnum. Áherslur í samræmi við SnS 1997 – 2017 m.s.br. og St21. Slysátíðni gæti aukist á ákveðnum stöðum vegna aukinnar umferðar.	-
Mengun	Engin áhrif	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur eykur ekki öryggi íbúa og dvalargesta í dalnum.	-
Önnur landnotkun	Núverandi slóðar koma í veg fyrir aðra landnotkun	-
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki áherslum hreppsnefndar um aukið öryggi á svæðinu, dreifingu umferðar um dalinn og bætt tengsl við nágrannasveitarfélög. Núllkostur samræmist áherslum er lúta að verndun náttúru og þjóðminja.	-

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 1 og 2 hafa fyrirhugaðar framkvæmdir báðar nokkuð neikvæð áhrif á náttúru, þar sem staðbundin áhrif verða nokkur, tímabundið í það minnsta, en gæti orðið til framtíðar t.d. hvað varðar fuglalíf. Þá má segja framkvæmdirnar rýri að sumu leyti gæði svæðisins, sérstaklega vegna aukinnar umferðar. Í þessu sambandi má nefna tækifæri til náttúruupplifunar og dvalar í kyrrlátu umhverfi. Á móti kemur að framkvæmdirnar auka öryggi íbúa og dvalargesta dalsins til mikilla muna en eins og segir í inngangi aðalskipulagsgreinargerðar er eitt af meginmarkmiðum ASK 2010 – 2020 að skapa góð búsetu- og frístundaskilyrði í öruggu umhverfi. Því er svo litið á að ekki verði unnt að tryggja öryggi íbúa og dvalargesta nema með þeim framkvæmdum sem lagðar eru til.

Með þessu er átt við öryggi gegn náttúruvá en einnig umferðaröryggi, sem mun sennilega batna mikið ef umferð dreifðist betur um svæðið. Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir að allt að 800 frístundahús geti verið reist á skipulagssvæðinu, sem kallar á aðgerðir í umferðaröryggismálum sem og aðgerðir vegna gróðurelda svo dæmi sé tekið.

Ennfremur bæta framkvæmdirnar aðgengi að útivistarsvæðum og gera því fleirum kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.

### Vöktunaráætlun og mótvægisáðgerðir

Lagt er til að athugun á lífríki Fitjaár og fitjanna fari fram áður en vegaframkvæmdin hefst svo grunnástand sé þekkt og hægt sé að fylgjast með áhrifum á lífríkið.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda við veglagningu á fuglalíf er gerð sú tillaga að takmarka þær eins og mögulegt er á varptíma.

## 10.2 Hverfisvernd

Í ASK 2008 – 2020 er gert ráð fyrir umfangsmikilli hverfisvernd bæði á stöðum sem eru mikilvægir í náttúrufarslegu tilliti en einnig í menningarsögulegu tilliti.

Tafla 4 sýnir áhrif hverfisverndar á umhverfisþætti.

Tafla 5 sýndir áhrif núllkosta.

**Tafla 4. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar.**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á landslag og jarðmyndanir, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að verulegum jákvæðum áhrifum á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á gróðurfar.	+
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á fugla- og dýralíf.	+
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á vatnalíf og fiskistofna.	+
Þjóðminjar	Hverfisvernd hefur umtalsverð jákvæð áhrif á þær þjóðminjar sem eru innan skilgreindra verndunarsvæða.	+
Samfélag og atvinnulíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf, varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustutengdri atvinnu, menntun og menningu. Verndarsvæði hamla verulega uppbyggingu á stórtækum og mengandi iðnaði svo og annarri mannvirkjagerð sem hafa umtalsverð inngrip í náttúrufarslegu tilliti á skilgreindum svæðum.	- / +
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að hverfisvernduð svæði hafi veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.	+
Samgöngur	Gera má ráð fyrir að nokkuð neikvæðum áhrifum á umferð vélknúinna farartækja á skilgreindum svæðum.	-
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Hverfis- og búsvæðavernduð svæði skapa jákvæðar aðstæður að töluverðu leyti til heilsueflingar og hreyfingar meðal almennings.	+
Önnur landnotkun	Hverfis- og búsvæðavernd þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torveldað hana í mörgum tilfellum.	- / 0
Markmið hreppsnefndar	Hverfisvernd samræmist mjög vel markmiðum hreppsnefndar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti og vernda þjóðminjar.	+



Tafla 5. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjasrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosta á önnur svæði eru hverfandi.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjasrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosta á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellsstaða.	- /+
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjasrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosta á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellsstaða.	- /+
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjasrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosta á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellsstaða.	- /+
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjasrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosta á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellsstaða.	- /+
Þjóðminjar	Núllkostur hefði jákvæð áhrif á skráningu þjóðminja á svæðinu sbr. St21 og SnS 1997 – 2017 m.s.br.. Áhrif núllkosta á þjóðminjar gætu verið nokkur vegna ágangs inn á tiltekin svæði.	-
Samfélag og atvinnulíf	Áhrif á samfélag og atvinnulíf eru engin.	0
Útivist og ferðaþjónusta	Áhrif núllkosta á þjóðminjar gætu verið nokkur þar sem menningarverðmæti gætu spillst.	0
Samgöngur	Áhrif á umferð eru engin.	0
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Áhrif á heilsu og öryggi eru engin.	0
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin.	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki markmiðum hreppsnefndar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti með markvissum hætti og vernda þjóðminjar.	-

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 4 mun sú viðamikla hverfisvernd sem ASK 2010 – 2022 gerir ráð fyrir hafa veruleg jákvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar, hvers kyns dýra- og fuglalíf, útivist, samfélag og atvinnulíf, t.d. ferðaþjónustu.

Á hinn bóginn getur hverfisvernd í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir aðra landnotkun, og því lagt ákveðnar hömlur á framkvæmdir, svo sem þeim er lúta að stórtækum iðnaði og mannvirkjagerð, sem geta haft umtalsverð áhrif.

Sé horft til markmiða hreppsnefndar þá samræmist hverfisvernd mjög vel þeim áherslum sem settar hafa verið fram um verndun náttúru- og þjóðminja.

### 10.3 Íbúðarsvæði

Ef í ASK 2010 – 2022 er gert ráð íbúðarsvæðum – einbýli - á 84,9 ha svæði og miðað er við að íbúðasvæðin fullnýtt rúmi allt að 120 – 140 hús má segja að hér sé um eiginlega þéttbýlismyndun að ræða í skilningi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Þá er einnig heimilt skv. ASK 2010 – 2022 að allt að þrjú stök íbúðarhús geti staðið á hverri jörð, án þess að aðalskipulagi sé breytt (sjá kafla 4.2 í aðalskipulagsgreinargerð).

Þann 1. des. 2009 voru 25 íbúðarhús í hreppnum og gerir tillagan ráð fyrir að um 40 íbúðarhús geti risið til þar til viðbótar. Að gefnum þessum forsendum má gera ráð fyrir að heildarfjöldi íbúðarhúsa geti verið á bilinu 185 – 200 hús.

Tafla 6 sýnir áhrif þéttrar íbúðabygðar.

Ef hinsvegar er gert ráð fyrir íbúðarbyggð þar sem lóðastærðir eru á 5 ha má gera ráð fyrir að fjöldi hús verði rétt innan við 20.

Ef einnig er gert ráð fyrir því að allt að þrjú stök íbúðarhús geti staðið á hverri jörð án þess að aðalskipulagi sé breytt (sbr. umræðu hér að ofan) má vænta þess að heildarfjöldi íbúðarhúsa á svæðinu geti verið um 85 íbúðarhús.

Tafla 6 sýnir áhrif gisinnar byggðar.

Í SnS 1997 – 2020 var ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum í hreppnum og nýtist því ekki til mats á áhrifum núllkosta.

Tafla 8 sýnir áhrif núllkosta.

Tafla 6. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna þéttar íbúðarbyggðar.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands töluvert	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur veruleg áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	--
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa veruleg staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	--
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa nokkur staðbundin áhrif á fugla- og dýralíf.	--
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif þéttar íbúðarbyggðar á vatnalíf og fiskistofna gætu verið töluverð, sérstaklega hvað varðar mengun.	--
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft töluverð staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	--
Samfélag og atvinnulíf	Þétt íbúðarbyggð mun hafa umtalsverð áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölga og byggð styrkist. Einnig styrkir það efnahag hreppsins og um leið kallar á þjónustu af hálfu hreppsins.	++
Útivist og ferðaþjónusta	Takmarkar útivist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	--
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	--
Mengun	Þétt íbúðarbyggð kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	--
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif íbúðarbyggðar á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð hefur takmarkandi áhrif á aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Þétt íbúðarsvæði samræmast vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og fjölga íbúum þess.	++

Tafla 7. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna gisinnar íbúðarbyggðar.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands nokkuð	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur nokkur áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa nokkur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa óveruleg áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif á vatnalíf og fiskistofna gætu verið nokkur, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft nokkur staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Gisin íbúðarbyggð mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölga og byggð styrkist. Skapar atvinnu í hreppnum, styrkir efnahag hreppsins og um leið kallar á þjónustu af hálfu hreppsins.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Takmarkar útivist og rýrir aðdráttarafli svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Íbúðarbyggð á stórum lóðum kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif íbúðarbyggðar á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð á stórum lóðum þarf ekki að hafa takmarkandi áhrif á aðra landnotkun	0
Markmið hreppsnefndar	Íbúðarbyggð á stórum lóðum samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og fjölga íbúum á sama tíma og verndunarsjónarmið eru í heiðri höfð.	+++

Tafla 8. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ekki er gert ráð fyrir íbúðasvæðum.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Engin áhrif	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Engin áhrif	0
Gróðurfar	Engin áhrif	0
Fugla- og dýralíf	Engin áhrif	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Engin áhrif	0
Þjóðminjar	Engin áhrif	0
Samfélag og atvinnulíf	Hugsanlega má vænta neikvæðra áhrifa þar sem erfiðara getur orðið fyrir hreppinn að standa við skyldur sínar.	? / -
Útivist og ferðaþjónusta	Engin áhrif	0
Samgöngur	Engin áhrif	0
Mengun	Engin áhrif	0
Heilsa og öryggi	Engin áhrif	0
Önnur landnotkun	Engin áhrif	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og fjölga íbúum þess.	-

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 6 og 7 munu bæði þétt íbúðarbyggð og íbúðarbyggð á stórum lóðum stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð. Í báðum tilfellum mun efnahagslegur ávinningur sveitarfélagsins verða umtalsverður, auk þess sem störf kunna að skapast í kringum íbúðarbyggð á stórum lóðum.

Áhrif slíkrar byggðar mun þó alltaf hafa neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, í misjafnlega miklum mæli þó. Að þessu leyttu til má gera ráð fyrir að áhrif gisnari íbúðarbyggðar séu mun minni en þéttar íbúðarbyggðar. Af þeim sökum er sú tillaga almennt talin falla betur að meginmarkmiðum ASK 2010 - 2022. Er niðurstaða hreppsnefndar sett fram í reglum um íbúðarsvæði í kafla 4.2 í greinargerð.

### Vöktunaráætlun og mótvægisáðgerðir

Þar sem í ASK 2010 - 2022 er um að ræða umfangsmikla íbúðarbyggð sem getur haft neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþræur er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi sú áætlun ná yfir allt skipulagssvæðið og taka yfir alla þá umhverfisþætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni og af botnseti til efnis- og eðlisþáttamælinga, auk þess sem ítarlega botndýrarannsókn á völdum stöðum í Skorradalsvatni þyrfti að fara fram. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að öllu jarðraski samfara uppbyggingu mannvirkja á íbúðarsvæðum verði haldið í algjör lágmarki, til að tryggja megi lágmarks röskun á náttúrulegum gróðri, og þá sérstaklega birkikjarri/skógi.

#### 10.4 Frístundabyggðarsvæði

Í ASK 2010 -2022 er gert ráð fyrir að 872 ha lands fari undir frístundabyggð. Gera má ráð fyrir að við gildistöku ASK 2010 – 2022 séu um 350 – 400 ha óbyggð frístundabyggðarsvæði. Ekki eru fyrir hendi nýjar tölur um fjölda frístundahúsa í Skorradalshreppi, en þann 1. des. 2005 voru þar 464 frístundahús og 1.des. 2009 eru þau talin vera 494. Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir að heildarfjöldi íbúðarhúsa í dalnum verði að hámarki 800.

Tafla 9 sýnir áhrif frístundabyggðar skv. ASK 2010 – 2022.

Í SnS 1997 – 2017 m.s.br. er gert ráð fyrri að fjöldi frístundahúsa geti verið 1200, en þar er áætlaður þéttleiki frístundahúsa mun meiri en í ASK 2010– 2022.

Tafla 10 sýnir áhrif núllkosta.

**Tafla 9. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar.**

Umhverfiþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands verulega.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa töluverð staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa nokkur áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif frístundabyggðar á vatnalíf og fiskistofna gætu verið umtalsverð, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft nokkur staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Frístundabyggð mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem dvalargestum mun fjölga. Slíkt kallar á aukna þjónustu og er því atvinnuskapandi, auk þess að styrkja þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Takmarkar útivist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum. Styrkir þó grundvöll ferðaþjónustu.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Frístundabyggð kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Aukin byggð getur aukið hættu á skógareldum. Önnur áhrif óvís.	? / -
Önnur landnotkun	Frístundabyggð takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Frístundabyggð samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og skapa fjölbreytta atvinnu.	-

Tafla 10. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna núllkosta.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Núllkostur breytir ásýnd lands umtalsvert.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Núllkostur hefur umtalsverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Núllkostur mun hafa umtalsverð staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Núllkostur mun hafa töluverð áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif núllkosta á vatnalíf og fiskistofna gætu verið umtalsverð, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Núllkostur gæti haft töluverð staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem dvalargestum mun fjölga. Slíkt kallar á aukna þjónustu og er því atvinnuskapandi, auk þess að styrkja þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Takmarkar útivist og rýrir aðdráttarafli svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum. Styrkir þó grundvöll ferðaþjónustu.	-
Samgöngur	Núllkostur kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Núllkostur kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Aukin byggð getur aukið hættu á skógareldum. Önnur áhrif óvís.	? / -
Önnur landnotkun	Núllkostur takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og skapa fjölbreytta atvinnu. Núllkostur samræmist hinsvegar ekki hugmyndum hreppsnefndar um æskilegan þéttleika frístundabyggðar og miklum ágangi á afmörkuð svæði.	-

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 9 hefur frístundabyggð jákvæð samfélagsleg áhrif á hreppinn, þar sem byggð styrkist og aukin eftirspurn verður eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Á hinn bóginn er það óhjákvæmilegur fylgifiskur frístundabyggðar að landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, verði fyrir neikvæðum áhrifum, í misjafnlega miklum mæli þó. Í ljósi þeirra áhrifa er mótuð sú stefna að betra sé að draga úr þéttleika frístundabyggðarinnar í dalnum, og þar með er ágangur á afmörkuð svæði minnkaður og álagi dreift. Afstaða hreppsnefndar til frístundabyggðarhúsa og reglur um þau koma fram í kafla 4.3 í greinargerð.

### Vöktunaráætlun og mótvægisáðgerðir

Þar sem í ASK 2010 - 2022 er um að ræða umfangsmikla frístundabyggð sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við



Umhverfisstofnun. Myndi sú áætlun ná yfir allt skipulagssvæðið og taka yfir alla þá umhverfispætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni og af botnseti til efnis- og eðlisþáttamælinga, auk þess sem ítarlega botndýrarannsókn á völdum stöðum í Skorradalsvatni þyrfti að fara fram. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að öllu jarðraski samfara uppbyggingu mannvirkja á frístundasvæðum verði haldið í algjör lágmarki, til að tryggja megi lágmarks röskun á náttúrulegum gróðri, og þá sérstaklega birkikjarri/skógi.

## 10.5 Efnistaka

Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir 28 efnisnánum víðsvegar um sveitarfélagið en 15 þeirra eru í árfarvegum og 8 í innan við 100 metra fjarlægð frá árbakka. Almennt má gera ráð fyrir að efnistaka hafi margvísleg áhrif á umhverfið en í ASK 2010 - 2022 er í flestum tilfellum gert ráð fyrir minniháttar efnistöku. Víða miðast efnistaka við að koma í veg fyrir ár flæði yfir bakka sína vegna upphleðslu efna sem ár víða á svæðinu bera fram.

Skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir að áætluð efnistaka sem raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri, kunni að vera háð mati á umhverfisáhrifum og meta skuli hvert tilfelli fyrir sig. Það sama gildir þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.

Tafla 11 sýnir áhrif efnistöku á umhverfispætti.

Tafla 12 sýndir áhrif núllkosta.

**Tafla 11. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna efnistöku.**

Umhverfispættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdirnar hafa nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir.	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði. Áhrif efnistöku á öðrum stöðum gæti haft talsverð áhrif.	---
Gróðurfar	Efnistaka á landi mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á efnistökusvæðum.	--
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir óverulegum áhrifum efnistöku á fugla- og dýralíf.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa töluverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna, þar sem búsvæði gætu raskast.	---
Þjóðminjar	Framkvæmdirnar gætu haft nokkur staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Efnistaka mun hafa jákvæð áhrif á þeim stöðum þar sem hætta er á að ár flæði yfir bakka sína, s.s. inn á ræktað land, vegna upphleðslu efnis í farvegum	++
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi nokkur neikvæð áhrif á náttúruskoðun og náttúruupplifun.	--
Samgöngur	Áhrif efnistöku á samgöngur eru nokkur jákvæð þar sem hluti efnis er notað til uppbyggingar og viðhalds á samgöngumannvirkjum	+
Mengun	Efnistaka getur falið í sér töluverða sjónræna mengun. Þar sem efnistaka, í mörgum tilfellum, miðast að því að fjarlægja uppsöfnun framburðar í árfarvegum má gera ráð fyrir að rask muni hverfa að einhverjum tíma liðnum	--
Heilsa og öryggi	Framkvæmdirnar munu hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.	0
Önnur landnotkun	Efnistökusvæði á landbúnaðarsvæðum geta komið í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Þar sem efnistaka er víða minniháttar og miðar á mörgum stöðum að því að verja ræktuð lönd og eignir falla framkvæmdirnar að markmiðum hreppsnefndar.	++

Tafla 12. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin.	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á sérstök vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fuglalíf og hreindýr eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Mikil hættu er á að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína og yfir mikilvæg svæði, s.s. ræktað land, með tilheyrandi raski og óöryggi fyrir samfélag og atvinnulíf	---
Útivist og ferðaþjónusta	Núllkostur hefur töluverð jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu, þar sem náttúruupplifun verður sterkari.	++
Samgöngur	Núllkostur hefði óveruleg áhrif á samgöngur.	0
Mengun	Áhrif á mengun eru engin	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur gæti haft í för með sér aukna hættu á að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína vegna uppsöfnunar framburðar í árfarvegum.	---
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin.	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur fellur ekki að markmiðum hreppsnefndar um að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði í öruggu umhverfi.	--

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 11 hefur efnistaka neikvæð áhrif í för með sér í náttúrufarslegu tilliti. Hinsvegar eins og kemur fram í kafla 2.8 er framburður margra áa í Skorradal mjög mikill og nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína með tilheyrandi raski, að efnistaka fari fram í þeim árfarvegum.

Aðrar námur í sveitarfélaginu, sem ASK 2010 - 2022 gerir ráð fyrir, tengjast margvíslegum verkefnum á vegum heimamanna.

### Mótvægisáðgerðir

Í ASK 2010 - 2022 leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að efnistöku sé haldið í eins miklu lágmarki og kostur er. Í grundvallaratriðum samræmist efnistaka illa markmiðum hreppsnefndar er lúta að verndun og ásynnd náttúru og þjóðminja og er því lögð á það þung áhersla af hálfu hreppsnefndar að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er eftir að efnistöku er lokið (sjá kafla 4.8).

**11. Greinargerð hreppsnefndar sbr. 9 gr. laga um umhverfismat  
áætlana nr. 105/2006**

Kemur síðar

## Viðauki

Tafla 11. Grunnástand og viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta á umhverfispætti.

Umhverfispáttur	Grunnástand (kaflar í greinargerð)	Viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta Mun áhrifaþáttur hafa áhrif á ...
Landslag og jarðmyndanir	1.1 og 1.8	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti?
Vistkerfi, búsvæði	vistgerðir, 1.6 og 1.8	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Gróðurfar	1.6	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Líffræðilegan fjölbreytileika? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Fiskistofnar, dýra- og fuglalíf	vatna-, 1.6	Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar tegundir? Válistategundir?
Þjóðminjar	2.1	Stærð svæða? Friðuð svæði? Mikilvægi svæða? Húsvernd?
Samfélag og atvinnulíf	2.2 og 2.4	Fjöldi starfa? Fjölbreytni starfa? Samsetningu samfélags? Fjöldi íbúa? Fjöldi dvalargesta?
Útivist ferðaþjónusta	og 2.4	Upplifun íbúa og ferðamanna? Aðgengi? Fjöldi ferðamanna? Samsetningu ferðamanna? Lengd dvalartíma? Fjölbreytileika í afþreyingu?
Heilsa og öryggi		Heilsufar íbúa og/eða dvalargesta? Öryggi íbúa og/eða dvalargesta?
Samgöngur	2.5	Aðgengi gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda? Ferðavenjur og fjöldi ferða? Vegalengdir? Gæði samgöngumannvirkja?
Neysluvatn	2.7	Vatnsgæði? Vatnsmagn/Vatnsstöðu? Vatnsnotkun?
Mengun		Sjónræn gæði? Loftgæði? Hljóðvist? Jarðveg? Ár og/eða læki? Grunnvatn? Gróður og/eða dýralíf?
Önnur landnotkun		Áhrif á áðra landnotkun?